

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 1994-2014.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra þann 26. mars 1997 staðfest aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar 1994-2014.

Skipulagsuppráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Samþykki sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar liggur fyrir og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 26. mars 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Hrafn Hallgrímsson.

29. apríl 1997

Nr. 285

AUGLÝSING

um gildistöku tilskipunar Evrópusambandsins nr. 93/104/EB frá 23. nóvember 1993 um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma.

Með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 42/96 var tilskipun Evrópusambandsins nr. 93/104/EB, um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma, bætt við viðauka XVIII við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Að höfðu samráði við helstu samtök atvinnurekenda og launafólks var ákveðið að hrinda ákvæðum hennar í framkvæmd hér á landi með kjarasamningum, sbr. 1. mgr. 18. gr. tilskipunar nr. 93/104/EB. Eftirtaldir aðilar hafa undirritað samninga um framkvæmd á efni tilskipunarinnar:

- Vinnuveitendasamband Íslands og Alþýðusamband Íslands (samningur undirritaður 30. desember 1996).
- Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Reykjavíkurborg og launanefnd sveitarfélaga annars vegar og Alþýðusamband Íslands, Bandalag háskólamanna, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og Kennarasamband Íslands hins vegar (samningur undirritaður 23. janúar 1997).
- Alþýðusamband Íslands og Vinnumálasambandið (samningur undirritaður 10. apríl 1997).

Í samræmi við 1. gr. 1. nr. 55/1980, sbr. 5. gr. 1. nr. 69/1993, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, eru laun og önnur starfskjör, sem aðildarsamtök vinnu- markaðarins semja um, lágmarkskjör. Af framangreindu leiðir að ákvæði tilskipunar 93/104/EB hafa tekið gildi með framantöldum kjarasamningum og teljast lágmarkskjör á íslenskum vinnumarkaði.

Félagsmálaráðuneytinu, 29. apríl 1997.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Gylfi Kristinsson.